



## NÝTTU TÍMANN!

*Nokkrar hugmyndir um verkefni sem hægt er að grípa til hvar og hvenær sem er!*

**Síðustu mínúturnar.** Láttu orðið ganga hringinn þar sem hver nemandi annað hvort skrifar eða segir setningu eða spurningu og notar orðaforða sem tengist viðfangsefni tímans þann daginn. Þetta er góð leið til að taka saman í lokin hvað er búið að fara yfir í tímanum.

**Orð dagsins.** Nemendur safna orðum eða setningum í daglegu lífi sínu milli kennslustunda og segja frá í lok tímans. Getur skapað skemmtilegar umræður og aukið orðaforða.

**Langa orðið.** Kennarinn skrifar frekar langt orð þvert yfir töfluna, dæmi: A P P E L-S Í N A. Nemendur vinna tveir saman eða í stærri hópum og keppa um hver getur fundið ný orð fyrir alla stafina í orðinu, t.d. API (fyrir A), PERA (fyrir P), PENNI o.s.frv. Það er hægt að gera þessa æfingu erfiðari með því að segja nemendum að þeir eigi eingöngu að finna lýsingarorð, lýsingarorð í einu kyni eða bara nafnorð í einu kyni eða eitthvað álíka.

**Stafrófið.** Nemendur draga staf og búa til eins mörg orð og þeir geta sem byrja á stafnum.

**Stafabolti.** Kennari hendir stafabolta til nemanda. Nemandi grípur bolta og þumallinn lendir á staf. Nemandinn teiknar stafinn á töfluna (býr til mynd úr honum) og býr svo til setningar sem byrja á þessum staf.

**Einn stafur.** Kennarinn teiknar fimm hluti á töfluna sem byrja allir á sama stafnum eða fyrstu tveimur stöfunum (kennarinn getur líka tekið með sér raunverulega hluti). Nemandi á að segja sögu þar sem allir hlutirnir koma fyrir. Næsti nemandi segir aðra sögu með sömu hlutum. Bekkurinn ákveður hvernig saga það á vera, t.d. glæpasaga, ævintýri, gamansaga o.s.frv.

**Spurningaflóðið.** Hver nemandi fær miða (renning), skrifar spurningu á miðann og lætur í kassa. Allir nemendur draga miða og ganga um stofuna og spyrja bekkjarfélaga sína spurningarinnar sem þeir drógu. Einnig er hægt að láta hvern og einn lesa upp spurninguna sem hann dró og svara henni á meðan allir hinir hlusta. Spurningarnar geta snúist um ákveðið efni en geta líka verið um hvað sem er.

**Veidimaður** með venjulegum spilum. Kenndu nemendum spilaorðinn á íslensku og hafðu þau jafnvel beygð á blaði hjá hverjum nemanda svo þeir geti æft sig að segja orðin í þolfalli: „Áttu ás, tvíst, þrist o.s.frv.“

**Orðabingó.** Nemendur koma með uppástungur um u.þ.b. 30 orð. Kennarinn skrifar þau á töfluna og einn nemandi skrifar hvert orð á miða á sama tíma. Hver nemandi velur sér 20 orð af töflunni og skrifar í bingóreiti á blaði hjá sér (20 reitir). Síðan dregur kennari miða með orðum og les upp (eða nemandi gerir það) og þeir sem hafa þetta orð á blaðinu sínu strika yfir það. Þegar ein lárétt eða lóðrétt lína er komin hjá nemanda er komið bingó. Orðin geta verið úr ýmsum áttum en hægt er að vinna með ákveðinn orðaforða, t.d nafnorð yfir mat eða lýsingarorð sem lýsa persónuleika svo eitthvað sé nefnt.

**Minnisleikur með raunverulegum hlutum.** Kennari raðar 7-10 hlutum á bakka. Nemendur fá 15 sekúndur til að horfa á bakkann og muna hlutina. Kennarinn breiðir síðan yfir hlutina og nemendur skrifa niður það sem var á bakkannum. Þjálfar orðaforða og minni.

**Tónlistarverkefni.** Það eru til margar tegundir af tónlistarverkefnum. Hér eru nokkrar hugmyndir.

- a) **Orð í röð.** Nemendur fá blað með orðum úr texta í lóðréttri röð. Á listanum eru einnig nokkur orð sem eru ekki í textanum. Nemendur hlusta á lagið og merkja við þau orð sem þeir heyra. Kennari fer síðan yfir með hópnum hvaða orð voru og voru ekki í textanum. Að lokum fá nemendur allan textann í hendur og hlusta nemendur aftur á lagið.
- b) **Eyður.** Nemendur fá texta þar sem nokkur orð vantar. Þeir hlusta á lagið og skrifa orðin sem vantar. Það getur verið nauðsynlegt að ýta á „hlétakkann“ og endurtaka orðin eftir þörfum. Kennari fer yfir textann og nemendur hlusta aftur á lagið með réttum texta.
- c) **Klipptur texti.** Texti er klipptur niður, þannig að 2-3 setningar eru saman á miða. Nemendur vinna einir eða í þörum. Hvert þar fær einn klipptan texta. Nemendur raða textanum í rétta röð um leið og þeir hlusta á lagið. Að lokum fá þeir heilan texta í hendur og hlusta aftur á lagið.
- d) **Spurningar.** Nemendur fá krossaspurningar úr textanum áður en þeir hlusta á lagið. Þannig giska þeir á umfjöllunarefni textans. Einnig er hægt að láta þá fá beinar spurningar þar sem spurt er um hvað þeir telja textann vera og frá sjónarhorni hvers er sungið (t.d. barns, konu, karls).
- e) **Málfræði.** Það er hægt að nota texta til að hnykkja á ákveðnum málfræðiatríðum, setningagerð eða ákveðnum orðaforða. Nemendur geta t.d. breytt texta úr nútíð í þátíð.
- f) **Hópverkefni.** Nemendur eru í 3-4 manna hópum. Kennari hefur skipt hluta úr texta í nokkrar línur og límt á mismunandi staði í stofunni (merkt 1,2,3, o.s.frv.) Einn úr hverjum hópi hleypur á milli staða í stofunni, les eina línu úr textanum, fer aftur í hópinn, endurtekur setninguna eftir minni og hinir í hópnum skrifa hana niður. Næsti úr hópnum fer á næsta stað og les næstu línu.

**Íslenskuspilið** (höf. Selma Kristjánsdóttir). Íslenskuspilið er fjölnota námsefni sem þjálfar málnotkun á öllum stigum íslenskunáms. Viðfangsefnin snerta persónulega færni, félagslega færni og starfsfærni fólks. Í spilinu þjálfar nemendur marga þætti tungumálanáms, t.d. tjáningu, lestur og hlustun. Spilinu fylgja: spilaborð (Íslandskort), teningur, leikmenn, box með ólíkum flokkum af fyrirmælum auk orðalista og leikreglna á sjö tungumálum (íslensku, ensku, pólsku, þýsku, spænsku, litháísku og taílensku). Frekari upplýsingar má finna á: [www.hac.is](http://www.hac.is)

**Íslenska á allra vörum** (höf. Bryndís I. Stefánsdóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir). Námsefnið er fjölnota efni sem samanstendur af 12 æfingum sem miða að því að nemendur auki orðaforða sinn, t.d. með því að spyrja spurninga og svara, lýsa myndum, búa til sögur, staðsetja hluti eftir fyrirmælum ofl. Allar æfingarnar eru á spjöldum sem nemendur fá að handleika, ekkert þarf að skrifa og æfingarnar er hægt að gera aftur og aftur. Leiðbeiningar fylgja hverri æfingu. Sjá fleiri hugmyndir að notkun æfinganna á [www.margvis.is](http://www.margvis.is).